

sóknum þeirra um þetta mál. Af útskrift þessari sèst, að frakkneska stjórnin álitur, að nægar skýrslur sè eigi komnar fram til þess að draga nokkurn fyrir dóm, og ber því upp fyrir dönsku stjórninni, hvort hún vili leitast við að láta skýra málið betur.

Jafnframt og vèr sendum yður, herra landshöfðingi, útskrift af fyrnefndu prófi, sem haldið var við lögreglurètt Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, ásamt með skjölum þeim, sem komu frá utanríkisstjórninni og sem eru 16 alls, mælumst vèr til, að þèr berið yður saman við amtmanninn yfir suður- og vesturumdæminu og fhugið, hvort nokkur von sè um, að útvegaðar verði nægar skýrslur um mál þetta með því að halda nýtt próf, að fengizt geti lagasönnur fyrir því, hvort skipverjar af fyrnefndu skipi, og þá hverir af þeim hafi brotið gegn íslenzkum veiðilögum, eigi að eins í það skipti, sem hèr er um að ræða, heldur einnig við önnur tækifæri, og ef svo er, mælumst vèr til, að þèr látið taka nýtt próf, og segið álit yðar um mál þetta, um leið og þèr sendið hingað aptur meðfylgjandi útskrift og skjöl frá Frakklandi.

1873.

23. maí.

40. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um giptingarleyfi fyrir prest.

27. maí.

Eptir að hingað hafði borizt bænarskrá, sem biskupinn yfir Íslandi hafði sent til stjórnarráðsins, hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar þóknazt, 21. þ. m. allramildilegast að leyfa, að sóknarpresturinn að Völlum í Eyjafjarðar sýslu í norður- og austurumdæmi Íslands, Páll Jónsson, megi ganga að eiga Önnu Sigríði Jónsdóttur, enda þótt hún hafi ratað í einfalda legorðssök.

Um leið og vèr sendum yður meðfylgjanda leyfisbréf, sem gefið er út um þetta, mælumst vèr til, að þèr, herra landshöfðingi, sjáið um, að það verði fengið í hendur Páli presti Jónssyni

1873.

27. maí.

fyrir lögboðið gjald, sem er 16 rd. 80 sk., en það verður að telja til í reikningum hlutaðeiganda amtmanns á venjulegan hátt.

27. maí.

41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um brúargjörð yfir Þjórsá og Ölfusá.

Með bréfi, 8. oktbr. f. á., senduð þér herra landshöfðingi, sem þá voruð stiptamtmaður yfir Íslandi, bænarskrá frá fundi nokkrum, er haldinn var í fyrra í Rangárvallasýslu, um að fá opinberan styrk, til þess að láta reyndan mann rannsaka, hvort hægt væri eftir því, hvernig þar hagar til, að leggja brýr yfir Þjórsá og Ölfusá, og ef svo væri, að búa til uppdrætti og áætlun um kostnaðinn við brúargjörð þessa, og hafið þér stungið uppá, að stjórnarráðið hlutist til um, að sendur verði í þessu skyni verksmiður til Íslands, sem einnig ef því verður við komið rannsaki, hvort hægt sé að gjöra höfn við *Portland* (Dyrhólma)¹ í Skaptafellsýslu, og að kostnaðurinn við þetta framyfir þá 110 rd., sem skotið var saman á fyrnefndum fundi, verði greiddur úr landssjóðnum, eða ef þetta eigi að öllu leyti fæst hjá landssjóðnum, að veita megi 100 rd. tillag úr vegasjóði suðuramtsins til rannsókna um brúargjörðina, og 100 rd. úr jafnaðarsjóðnum til þess að rannsaka, hvort höfninni verði komið upp.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að stjórnarráðið mun veita það fê, sem á vantar, af landssjóðnum, með því skilyrði, að sækendur og fyrnefndir sjóðir greiði þá 310 rd., sem getið er um að framan, og höfum vèr þar að auki hlutazt til um, að *cand. polytechnices Windsfeldt-Hansen* fari hëðan til Íslands með póstgufuskipinu í næstkom-

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 220.